



Sendið ykkar UT-upplýsingatæknilausn inn í Deili- og endurnýtingarkeppnina! Samkeppni sem ætluð er opinberri stjórnsýslu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður ykkur að taka þátt í Deili- og endurnýtingarkeppninni, sem nú fer fram í annað sinn, og skipulögð er sem hluti af deili- og endurnýtingarátaki ISA² áætlunarinnar.

Hafið þið verið að vinna í því að stafvæða opinbera stjórnsýslu og tekist vel upp? Hafið þið verið að þróa stafræna lausn sem fellur að einhverjum þeirra flokka sem taldir eru upp hér á eftir? Því þá ekki að deila reynslu ykkar með því að senda hana inn til þátttöku í þessari keppni! Þær opinberu stjórnsýslur sem eru að leita sér að vissum lausnum á upplýsingatækni sviði munu sjálfsgætt hafa áhuga á að fylgjast með hvernig þið hafið leyst á móta áskoranir og kanna hvort hægt sé að endurnýta þann opna hugbúnað eða deilihugbúnað á upplýsingatækni sviði sem þið hafið þróað. Hví ekki að gera ykkar frábæra framtak öðrum sýnilegt!

Þau verðlaun sem eru í boði handa vinningsteyminu eru 15.000€ og 10.000€ í önnur verðlaun, í öllum fjórum eftirfarandi flokkum:

1. **Framsæknasti** opni hugbúnaðurinn
2. **Áhrifaríkasti** opni hugbúnaðurinn, **jafnt gagnvart einstaklingum sem fyrirtækjum**
3. **Framsæknasti** deilihugbúnaðurinn á upplýsingatækni sviði (deili- eða þróaður sameiginlega)
4. **Áhrifaríkasti** deilihugbúnaðurinn á sviði upplýsingatækniþjónustu (deili- eða þróaður sameiginlega), **jafnt gagnvart einstaklingum sem fyrirtækjum**

Vinsamlegast lesið [ráðleggingarnar](#) vandlega áður en þið fyllið út þátttökueyðublaðið. Afar áriðandi er að þið lýsið vandlega ykkar lausn á upplýsingatækni sviðinu og hvernig hún gæti gagnast í víðara samhengi. Fyrsta Deili- og endurnýtingarkeppnin fór fram árið 2017, en þá bárust alls 118 umsóknir. Hún var einstaklega vel heppnuð og við vonumst til að 2019 verði jafnvel enn betri!

1. Á ykkar lausn rétt á þátttöku?

Til þess að öðlast þátttökurétt, þá þarf ykkar lausn að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Verður að hafa verið þróuð af, eða til notkunar af, opinberri stjórnsýslu í einhverju aðildarlandi EB, EFTA-landi eða EB-umsóknarlandi (Albaníu, Fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu, Svartfjallalandi, Serbíu og Tyrklandi).
- Að hún sé nú þegar í notkun hjá að minnsta kosti einni opinberri stjórnsýslu.
- Að hún sé annaðhvort opin- eða deilihugbúnaður á upplýsingatækni sviði.
- Að lýsingu á henni sé nú þegar að finna á Joinup. *(Ef ykkar lausn hefur enn ekki verið sett inn í Joinup þegar skráning ykkar í keppnina fer fram, þá er [aðstoðarteymi Joinup](#) reiðubúið til þess að hjálpa ykkur við birtingu hennar).*
- Lýsingin sem birtist er á ensku.
- Þær lausnir sem áður hafa hlotið peningaverðlaun í keppninni (D&e 2017) eru ekki gjaldgengar til þátttöku. Aftur á móti geta þær sem voru í þriðja eða fjórða sæti eða hlutu viðurkenningu dómnefndar tekið þátt á nýjan leik ef þær á annað borð falla inn í einhvern hinna fjögurra flokka.

2. Matsviðmiðanir

Ykkar lausn verður fyrst yfirfarin af matsnefnd og síðan af dómnefnd, í tveggja þrepa ferli sem byggist á eftirfarandi viðmiðunum:

- **Hönnun lausnarinnar og stjórnun hennar:** hversu langt er gengið í notkun á opnum stöðlum eða samhæfingu við þá; hversu góð upplýsingagjöf fylgir með lausninni og vönduð hönnun hennar; umfang samvinnu og hvort hún eigi sér stað þvert á landamæri; samvinna milli stofnana, og hvort kennsl eru borin á stjórnunarlíkan sem styður við lausnina.
- **Áhrif og umfang endurnýtingarinnar:** viðskiptalíkan lausnarinnar; hvort þau markmið og sú starfsemi sem stefnt var að náðust; staðfestur ávinningur (þar með talið sparnaður sem fékkst með því að endurnýta, í stað þess að þróa nýjan búnað frá grunni); sýnileg áhrif og áþreifanlegur árangur; frekari sparnaður eða ávinningur sem enn gæti náðst; fjöldi endurnýtingartilfella og ábendingar um væntanlega notkun í framtíðinni, núverandi viðleitni í þá átt; endurnýting á fyrirliggjandi þjónustu annarra stofnana; endurnýting á einingum úr öðrum forritum.
- **Sjálfbærni:** sýna fram á hversu marga þætti lausnin inniheldur sem gætu gert henni kleift að öðlast sjálfbærni eftir að markmiðum hennar er náð; að hve miklu leiti sú sjálfbærni er tryggð, tæknileg gögn; gögn um viðskiptalíkanið, viðhald; auðveldan aðgang.
- **Nýsköpun (í flokkum 1. og 3.):** tækninýjungar; nýjungar í viðskiptaferlinu; samfélagslegar nýjungar.
- **Notendavæn lausn (í flokkum 2. og 4.):** tiltæk þjóðfélagsþegnum; persónugögn aðlöguð; þjónusta sem er sniðin að þörfum hvers og eins; tilkynningar; snjalltæki.

3. Hvernig fer maður að því að taka þátt í keppninni?

Til þess að taka þátt í henni, þá þarf fyrst af öllu að fylla út rafræna [þátttökukeyðublaðið](#). Vinsamlegast athugið að þátttökutilkynningin, allt ítarefni henni tengt og lýsingin á lausninni verða að vera á ensku. Þrátt fyrir það, þá þarf lausnin sjálf ekki að vera á ensku. **Skilafrestur þátttökutilkynningarinnar er 28. febrúar 2019.**

Framkvæmdastjórnin mun senda eigendum 16 efstu úrtakslausnanna tilkynningu með tölvupósti eigi síðar en 25. apríl 2019. Fulltrúum þeirra verður síðan boðið á verðlaunaafhendingu Deili- og endurnýtingarkeppninnar sem fram fer 11. júní 2019 í Búkaress í Rúmeníu, en þar mun þeim gefast tækifæri til þess að kynna sínar lausnir.

4. Vantar ykkur einhverjar nánari leiðbeiningar um þátttökuferlið? Farið þá inn á [Heildarútgáfu þátttökuferlisins](#).

5. Gagnlegir tenglar

[Vefsíða keppninnar á Joinup setrinu](#)
[Algengar spurningar \(FAQ\)](#)
[Fyrri útgáfa keppninnar](#)
[Nánari upplýsingar um ISA² áætlunina](#)

6. Einhverjar spurningar?

Hafið samband við okkur með tölvupósti á eftirfarandi netfang:
DIGIT-SR-AWARDS@ec.europa.eu

7. Fylgdu okkur á félagslegum fjölmiðlum:

🐦 [@EU_ISA2](#) → [#SRawards19](#)
 in [ISA² Programme](#)
 📺 [ISA² videos](#)

GANGI YKKUR VEL!